



Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi I 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 28. apríl 2021
Tilv.: UMH21040089/2.2

Breiðafjarðarnefnd hefur það hlutverk að vera umhverfis- og auðlindaráðherra til ráðgjafar um það sem lýtur að framkvæmd laga nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar. Í nefndinni eiga sæti sjö fulltrúar, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna sameiginlega fjóra fulltrúa, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af Minjastofnun Íslands. Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varafulltrúar skulu skipaðir með sama hætti.

Skipan núverandi nefndar rennur út 9. júní nk. Er þess hér með óskað að sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefni sameiginlega fjóra aðalfulltrúa og jafnmarga til vara til setu í Breiðafjarðarnefnd. Óskast tilnefningar sendar á netfangið uar@uar.is ásamt kennitölu, starfstitli, netfangi og heimilisfangi viðkomandi fyrir 18. maí nk.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Um þóknun fyrir störf í nefndinni fer samkvæmt ákvörðun þóknananefndar fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Fyrir hönd ráðherra

Sigríður Auður Arnardóttir

Samrit: Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Reykhólahreppur, Snæfellsbær, Stykkishólmsbær og Vesturbyggð